



Reykjavíkurborg

Lífsins tré – útinám og læsi



Berglind Björgúlfsdóttir

2016

Efnisyfirlit

- [1. Inngangur](#)
- [2. Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd](#)
- [3. Samantekt - Niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra](#)
- [4. Mat á verkefninu](#)
- [5. Greinargerð um notkun styrkjár](#)
- [6. Kynning](#)

[Heimildir](#)

[Fylgiskjöl](#)

1. Inngangur

Í þessari skýrslu er fjallað um skólasamstarfsverkefnið *Fossvogsbrú*. Því var komið á legg til að efla samstarf milli grunnskóla og leikskóla í Fossvogi. Haustið 2014 var sótt um styrk fyrir verkefninu í Þróunarsjóð skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur undir nafninu *Fuglarnir í Fossvogi*, en hefur verkefnið nú hlotið nafnið *Fossvogsbrú*. Í samstarfi Fossvogsbrúar eru Fossvogsskóli, Leikskólinn Furuskógur við Áland, Furuskógur við Efstaland, Kvistaborg og frístundaheimilið Neðstaland. Í samstarfinu var stuðlað að því að tengja yngsta stig grunnskólans við elsta stig leikskólanna. Verkefnið var unnið veturinn 2015 til 2016. Verkefnastjóri var Berglind Björgúlfsdóttir. Þeir sem tóku þátt í verkefninu voru starfsmenn á elstu deildum leikskólanna ásamt skólahópum, (þ.e. elstu börnum leikskólanna), allur fyrsti bekkur í Fossvogsskóla, ásamt starfsmönnum, smíðakennara og verkefnastjóra útináms frístundaheimilisins og aðstoðarmanni hans. Verkefnastjóri Fossvogsbrúar stjórnaði verkefninu með dyggri aðstoð kennara og leikskólakennara, skólastjórnenda og forstöðumanns frístundaheimilisins. Verkefnið var skipulagt með tilliti til árstíma og skóladagatala skólanna. Það var samþætt við daglegt starf skólans og leikskólanna og fræðsla starfsmanna og undirbúningur var unninn á starfsdögum og sameiginlegum fundum stjórnenda.

Útgangspunktur verkefnisins var útinám og læsi fimm og sex ára barna. Markmiðið var að efla læsi barnanna í víðum skilningi hugtaksins, þar með talið læsi á náttúru og nánasta umhverfi. Nám í læsi var tengt við nám í náttúrufræði og aðferðum umhverfismenntunar beitt, með áherslu á frjálsan leik og listsköpun. Lögð var áhersla á að starfsfólk og börn kynntust námi sem fram fer á báðum skólastigum, svo leikur og formlegt nám í leikskólanum myndaði samfellu við starfið í grunnskólanum. Leitast var við að ýta undir heildstæðari starfshætti með auknu samstarfi fagfólks á báðum skólastigum og fagmanni frá frístundaheimilinu. Verkefninu lauk vorið 2016 og niðurstöður kannana sýna að vel gekk að vinna samkvæmt þeim markmiðum sem sett voru. Börn og starfsfólk virtist, yfir heildina, vera ánægt með samstarfið. Aukin samvinna var fest í sessi. Skoðuð voru tækifæri sem felast í nærumhverfi skólanna sem nýta má meira til að vinna, með lýðræðislegum vinnubrögðum, að læsi og sköpun í útinámi með börnum. Þróaðar voru nýjar leiðir til samvinnu sem geta komið til með að nýtast áfram í samstarfi skólastofnananna sem tóku þátt í Fossvogsbrú.

2. Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd

2.1 Aðstæður –

Þeir sem tóku þátt í verkefninu voru um fimmtíu grunnskólabörn, fjörutíu leikskólabörn og tuttugu starfsmenn, sem komu úr Fossvogsskóla, Neðstalandi og úr borgarreknu Leikskólunum Furuskógi og Kvistaborg.

Fossvogsskóli er hverfissskóli sem þjónar Blesugrófar- og Fossvogshverfi. Í skólanum eru börn á aldrinum sex til tólf ára. Skólann sækja að jafnaði 340 nemendur þar af eru um fimmtíu börn í fyrsta bekk. Yngstu deildir skólans eru í elsta hluta skólans sem nefnist Vesturland. Aðrir hlutar skólans eru Austurland og Meginland. Í kjallara Meginlands er matsalur og frístundaheimilið Neðstaland sem rekið er af Íþrótt- og tómsundaráði Reykjavíkur. Frístundaheimilið Neðstaland stóð að samstarfsverkefninu Fossvogsbrú og lánaði tvo starfsmenn í verkefnið, þar á meðal ráðgjafa um útinám frá Dalheimum.

Leikskólinn Furuskógur er sex deilda leikskóli, sem varð til við sameiningu Furuborgar og Skógarborgar, þann 1. júlí 2011. Þar dvelja að jafnaði 122 börn. Leikskólinn Furuskógur hefur tvær starfsstöðvar, rétt neðan við Bústaðaveg, annars vegar við Áland og hins vegar við Efstaland 28. Umhverfi leikskólabygginganna er gróið og fjölbreytt. Leikvellirnir eru umvafðir skjólgóðum trjágróðri og halla móti suðri. Fuglar sækja í lóðirnar. Þeir hafa verið uppspretta fróðleiks síðustu árin og vakið ánægju og gleði barna og starfsmanna sem hafa laðað að tegundir með fóðurgjöfum. Furuskógur á langa hefð að baki í að fræða leikskólabörn um fugla.

Leikskólinn Kvistaborg stendur við Kvistaland 26 í Bústaðahverfi. Kvistaborg er þriggja deilda leikskóli og hefur pláss fyrir 66 börn. Leikskólinn Kvistaborg er þægilega staðsettur í næsta nágrenni við Fossvogsskóla eða í um 150 metra fjarlægð frá grunnskólanum. Leikskólalóðin er rúmgóð og skjólsæl og tengist grænu útivistarsvæði og stendur fjarri umferðargötum.

Fossvogsskóli og Kvistaborg eru staðsett í hjarta Fossvogsdalsins, sem er ein af útivistarperlum Reykjavíkurborgar. Fossvogsdalur hefur í raun haft áhrif á hugmyndafræði Fossvogsskóla, Furuskógar og Kvistaborgar sem nota umhverfið til náms, rannsókna og upplifana. Börnin hafa greiðan aðgang að náttúru í nærumhverfi. Í Fossvogsdal er að finna skjólgóða trjálundi, læk og víðáttumikið graslendi fjarri umferðarþunga borgarinnar. Þar er mikið fuglalíf og fjölbreyttur gróður, skólagarðar og skógrækt. Góðir göngustígar liggja um dalinn. Göngu- og hjólaleiðir eru upp í Elliðaárdal og niður í Nauthólsvík. Dalurinn er mikil vin sem hægt er að njóta allan

ársins hring. Í Fossvogsdal býður hver árstíð uppá lifandi ævintýri fyrir unga sem aldna.

Skólasamstarfið var á milli þessara fjögurra skólahúsa, í Fossvogi sem eru dreifð á tæplega tveggja kílómetra ræmu, neðan Bústaðarveggar milli Háaleitisbrautar og Óslands. Eins og áður sagði er Kvistaborg í næsta nágrenni við Fossvogsskóla, en Furuskógur er ekki eins vel staðsettur til að taka þátt í virku samstarfi við grunnskólann. Furuskógur við Áland er í um 1,5 kílómetra fjarlægð frá Fossvogsskóla, sem eru mörg skref fyrir litla fætur sem eiga að taka þátt í samstarfi. Frá Furuskógi við Efstaland er tæplega 0,9 kílómetra gönguleið í grunnskólann. Þessar vegalengdir geta verið hindrun í samstarfi. En strætisvagnleið er góð.

Um fimmtíu grunnskólabörn í 1.bekk Fossvogsskóla tóku þátt í verkefninu ásamt þremur umsjónarkennurum og aðstoðarfólki. Tuttugu og fjögur börn komu inn í verkefnið frá Kvistaborg, með kennurum. Níu börn og leikskólakennari komu frá Furuskógi við Áland. Tólf börn komu inn í samstarfið frá Furuskógi við Efstaland ásamt leikskólakennara og stuðningsfullrúa. Smíðakennari Fossvogsskóla og tveir starfsmenn frístundaheimilisins Neðstalands voru einnig partur af samstarfinu, ásamt verkefnastjóra.

Með læsi hefur löngum verið átt við ritun og lestur. En í verkefninu er útinám, listsköpun og frjáls leikur nýtt sem verkfæri til að auðga læsi barnanna í víðum skilningi orðsins. „Í hinum víðasta skilningi er læsishugtakið orðið mjög líkt hugtakinu *menntun* og erfitt að greina þar á milli” (Baldur Sigurðsson, 2016). Í útinámi öðlast börn þekkingu, leikni og hæfni til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína og skoðanir á fjölbreyttan hátt (Aðalnámskrá Leikskóla, 2011). Listir eru líka námslind. Listir geta verið uppspretta lærdóms, upplifunar og sköpuargleði. Reynt var að örva skynjun og styðja við sköpunarkraft barnanna í útivinnu með þeim. Í verkefninu eru hinar ýmsu birtingarmyndir læsis hafðar til hliðsjónar:

Ritmáls og talnalæsi

- Ritmál, bók- og tölustafir eru gerðir sýnilegir
- Börnin lesa eða æfa að tengja hljóð við bókstafi
- Börnin spá í tölur eða læra tölustafi og æfa talnagildi

- Námsgögn eru úr náttúrunni, t.d. steinar, laufblöð og könglar



- Tölum gefið form og spáð í rými til að auka tilfinningu fyrir talnagildum og flötum
- Orðaforði og málskilningur byggður upp í samveru, samstarfi, bréfaskriftum o.fl

Umhverfislæsi

- Börnin fá að snerta og rannsaka hluti í náttúrunni
- Hringformið kannað á ýmsa vegu
- Börn fá að upplifa og njóta umhverfisins út frá eigin forsendum og áhuga
- Börnin eru hvött til að bera umhyggju og virðingu fyrir umhverfinu



Barn virðir fyrir sér dauðan fugl.

Tilfinningalæsi

- Umhyggja fyrir jörðinni; mönnum, dýrum og gróðri
- Að vera partur af hringrás lífsins
- Að börnin fái tækifæri til að deila reynslu af útinámi og öðrum upplifnum í samverustundum og samvinnuverkefnum

Félagslegt læsi

- Frjáls og sjálfssprottinn leikur útináms er eðlilegt tjáningarform barna sem æfir m.a. félagsfærni
- Unnið sameiginlega að stærri verkefnum þar sem allir hjálpast að til að verkefnið verði sameign hópsins
- Hlustað á hugmyndir barnanna, rætt saman og þeim gefin tækifæri til að velja og rökstyðja val sitt.

2.2 Hugmyndafræði verkefnisins.

Verkefnið var hugsað sem brú milli grunnskóla og leikskóla. Það var leið til að þetta nærsamfélagið og mynda samfellu milli grunnskólans og leikskólans. Samgangurinn átti að þjappa börnunum saman og einnig kennurum og starfsfólki skólaflokkanna. Upp úr þessu er lagt í starfsáætlun Fossvogsskóla 2015-2016. Þar segir um grenndarsamfélagið:

„Skólinn leggur áherslu á að gott samstarf og góð tengsl skapist milli leikskólans og grunnskólans. Mikilvægt er að skólahópurinn á leikskólunum sem eiga skólasókn í Fossvogsskóla fái að kynnast væntanlegu skólaumhverfi áður en þau hefja skólagöngu og eru því skipulagðar heimsóknir þeirra í skólann.”

Sameiginleg hugmyndafræði þátttakenda sem aðild eiga að Fossvogsbrú var höfð að leiðarljósi í samstarfsverkefninu. Hugmyndin um læsi í víðum skilningi í gegnum útinám og sköpun hentaði vel. Fossvogsskóli starfar eftir hugmyndafræði opins skóla. Í opnum skóla er leitast við að taka mið af þörfum og áhuga hvers nemanda. Nemendur vinna eftir eigin námsáætlun og byggt er á teymiskennslu, samvinnu kennara og tengslum við grenndarsamfélagið. Lögð er áhersla á að nota umhverfið til náms og gera nemendur vettvangskannanir af ýmsu tagi (Gerður G. Óskarsdóttir, 2003). Leikskólarnir Furuskógur og Kvistaborg sækja veganesti sitt að mestu leiti í uppeldisstefnu Johns Dewey. Hann hvatti til þess að börn fengju að læra af eigin reynslu, virkni og áhuga. Hann lagði áherslu á að börn læri af því að framkvæma sjálf og gera tilraunir (Dewey, 1938/2000). Áhrifa frá uppeldisstefnu Johns Dewey er einnig að gæta í hugmyndafræði opna skólans. Í starfsáætlun Fossvogsskóla er hvatt til þess að nemendur fái frelsi til að velja sambærileg viðfangsefni, námið er tengt bæði reynslu og umhverfi og hlutverk kennarans er að aðstoða, skipuleggja og leiðbeina fremur en að miðla þekkingu. Læsi tengt útinámi og sköpun fellur vel undir hugmyndir Deweys.

Aðalnámskrá leikskóla hvetur til að gefa rými fyrir sköpunarferli og fagurfræðilega tjáningu. Í gildum Kringlumýrar; frístundamiðstöðvar Laugardals og Háaleitis er lögð áhersla á lærdóm og sköpun í gegnum leik. Sköpun er einmitt eitt af einkunnarorðum leikskólans Furuskógar ásamt útinámi og lífsleikni. Náttúruvænt umhverfi leikskólans Kvistaborgar hefur líka mikil áhrif á hugmyndafræði hans. „Útinám, sköpun, vettvangsferðir, rannsóknir, tilraunir og upplifanir er það sem starfið snýst um” (Úr skólanámskrá Kvistaborgar).



Í samstarfsverkefninu var leitast við að skapa aðstæður þar sem börnin fengu frelsi til að kanna, uppgötva og skapa á eigin forsendum úti undir berum himni. Norski útikennslufræðingurinn Arne N. Jordet segir að útinám (n. uteskole) sé aðferð þar sem kennsla er færð út í nærumhverfið og fari reglulega fram utan skólastofunnar. Aðferðin gefur möguleika á faglegu námi, frjálsum leik, ýmiss konar upplifunum og samveru og ýtir undir forvitni og ímyndunarafl nemenda (Jordet, 1998). Þegar komið er aftur í skólastofuna kemur að úrvinnslu og útinámið verður áframhaldandi kveikja sem hægt er að byggja á.



Skrifað í snjóinn „s - fyrir snjó”

2.3 Skipulag, umfang og framkvæmd verkefnisins

Veturinn 2014 – 2015 var aukið samstarf milli Fossvogsskóla, Furuskógar, Kvistaborgar og Neðstaland. Gengið var saman gegn einelti og skipulagðir sameiginlegir leikjadagar. Þróunarverkefnið Fuglarnir í Fossvogi spannaði eitt og hálf t ár. Því var ýtt úr vör í ársbyrjun 2015. Skólahópar Furuskógar og Kvistaborgar heimsóttu og unnu með 1.bekk í Fossvogsskóla. Ætlunin var að treysta böndin og leggja upp með sameiginlegt verkefni og skapa meiri samfellu í nám og starf barnanna. Unnið var að verkefninu Fuglar og læsi. Afraksturinn; sýningin Mósaíkfuglar var sett upp í Víkinni, Traðarlandi 1 hjá Knattspyrnufélaginu Víkingi á sumardaginn fyrsta 23.apríl 2015.



Unnið að mósaíkfuglum

Þröstur

Í febrúar 2015 var Berglind Björgúlfsdóttir ráðin verkefnastjóri þróunarstarfsins í Fossvogi. Það þótti nauðsynlegt að fá utanaðkomandi verkefnastjóra til að binda starfsstöðvar meira saman og halda utan um víðtækara samstarf haustið 2015 til vors 2016. Þann vetur voru þriðjudagsmorgnar tileinkaðir samstarfsverkefninu Fossvogsbrú (áður Fuglarnir í Fossvogi). Gengið var út frá að þróunarverkefnið væri hluti af daglegu starfi grunnskólans og leikskólans. Rökstuðningur fyrir þeirri ákvörðun var að með því gætu starfsmenn tileinkað sér vinnuna og ekki væri verið að auka álag á starfsfólk utan við stundaskrána. Samvinnan var gerð auðveldari með því að hafa verkefnið inni í sameiginlegri stundatöflu allra starfsstöðvanna. Kennarar og leikskólakennarar fóru í heimsóknir milli húsa til að auðga starf sitt og fá innsýn og innblástur hver frá öðrum. Hver leikskóli og Fossvogsskóli skipulögðu heimsóknir, sín á milli, þar sem leikskólabörnin heimsóttu skólann og grunnskólabörnin fengu að koma á leikskólana. Átta til tíu þriðjudagar á önn fóru í einhvers konar samgang og samstarf milli Fossvogsskóla, Kvistaborgar og Furuskógar. Börn og starfsmenn hittust í útinámi í litlum eða stórum blönduðum hópum sem sköruðust yfir veturinn. Níutíu börn tóku þátt í samstarfinu. Reynt var að skipta börnunum í minni hópa í samvinnunni svo allir gætu notið sín sem mest. Ef unnið var í stórum hópum var gefið meira frelsi og rými t.d. í fjöruferðunum. Þegar stór hópur fór í vettvangsferð í skógræktina var, hins vegar, stöðvaskipt til að dreifa álagi og skapa betri vinnufrið.

Frá Kringlumýri-Frístundaheimilinu Neðstalandi kom frístundaráðgjafi um útinám ásamt aðstoðarmanni. Þeir unnu að stærra útiverkefni á leikvöllunum og kveiktu eld og reistu tjöld í skógræktarferð og aðstoðuðu við stöðvavinnu. Smíðakennari Fossvogsskóla kom einnig inn í samstarfið og hjálpaði til við uppsetningu á lokaverkefni Fossvogsbrúar.



Hreiðurgerð



Eldur undirbúinn.

Í smíðastofunni í Fossvogsskóla

Á starfsdögum var lagt á ráðin og samstarfið skipulagt. Nokkrir sameiginlegir fundir voru haldnir yfir veturinn, starfsmenn voru í góðum tölvusamskiptum um verkefni og tvö námskeið voru haldin fyrir starfsmenn. Í lok vetrar svöruðu þeir sem tóku þátt í verkefninu könnun um samstarfið.

Verkefnastjóri sá um hópefli og fræðslu fyrir starfsmenn á sameiginlegum starfsdegi leikskóla og grunnskóla í byrjun skólaársins 2015. Starfsdagurinn var í anda verkefnisins. Farið var í útinám í Gróttu á Seltjarnarnesi. Í fjörunni var farið í nafnaleiki og hópeflisleiki. Þar voru einnig unnin verkefni sem sýndu hvernig nota má „fjarsjóði“ í fjöru til að auka hugmyndaauðgi barna í að segja sögur, flokka og raða. „Náttúrugripir“ voru kveikjur sem öðluðust líf í sögum sem spunnar voru á staðnum. Náttúruhlotir voru flokkaðir og þeim raðað eftir kerfum sem hóparnir ákváðu í sameiningu, s.s. lit, áferð, efni, stærð, lögum ofl. Starfsmenn unnu í hópavinnu í fjörunni og samræður fóru þar fram um væntingar starfsmanna til verkefnisins. Einnig voru ræddar þær hindranir sem hamlað gætu verkefninu. Fagþekking frístundaráðgjafa um útinám kom að góðum notum ásamt hugmyndum annara starfsmanna um útinám og læsi. Fundurinn var tekinn upp, því í fjöru er erfitt að skrifa nótur, en mjög auðvelt að

taka upp samræður og taka myndir af því sem gert er. Nútímatækni bíður uppá fjölbreytta möguleika sem styðja við útinám og nám utan skólastofunnar. Gróttuviti og fræðasetrið í Gróttu var heimsótt. Í fræðasetrinu var fræðst um fugla í gegnum hreyfileiki úti á gólfi. Starfsfólk fékk frjálsa hendi í að nýta verkefnin í útinámi, hver með sínum hóp, eða útfæra í inni vinnu með börnunum. Í mars sá verkefnastjóri, sem er tónmenntakennari, um námskeið fyrir starfsmenn. Námskeiðið fór fram á inni og útisvæði Skógræktarinnar í Svartaskógi í Fossvogi. Námskeiðið bar yfirskriftina: Íslenskir fuglar – útinám og listir. Á námskeiðinu var fjallað um og sýndar leiðir til að auðga skólastarf með ratleikjum, tónlistarleikjum, hreyfingu, hringdönsum, leikrænni tjáningu og bjölluspili.

Gerð var gróf áætlun um sameiginlegt útinám hvorrar annar sem var svo fastsett, einn til þrjá mánuði fram í tímann. Verkefnastjóri skipulagði og gaf hugmyndir að verkefnum sem unnið var að úti, en hver starfsstöð hafði val um hvernig unnið var úr þeim þegar komið var í hús. Úrvinnslan gat verið með ýmsu móti, s.s. umræða og upprifjun á ferðinni, umræða um það sem fyrir bar, ýmis konar skapandi starf, eða eitthvað sem vakti athygli og gat verið kveikja að frekara námi. Yfir veturinn fór verkefnastjóri á milli starfsstöðva og hitti starfsfólk á hverjum stað til að halda góðri tengingu við alla og heyra sjónarmið og væntingar í hverju húsi og ræða einstök atriði við stjórnendur og starfsmenn. Verkefnastjóri fór í sjö skipti í útinám með börnunum og tók þátt í sameiginlegu lokaverkefni sem allir hóparnir unnu að í Fossvogsskóla. Þannig náði verkefnastjóri að hitta börnin í fjögur skipti á tímabilinu, standa fyrir fræðslu, vera með fræðslu, sýnikennslu, syngja söngva sem tengdust starfinu og taka þátt í verkefnum með börnunum utandyra. Í fjöruferð og stöðvavinnu í Skógrækt var gefið mikið frelsi. Þar gátu nemendur upplifað, rannsakað og gert tilraunir á eigin forsendum, sem er í samræmi við hugmyndir Deweys um merkingarbæra reynslu. Börnin voru virk en kennarar voru þeim til aðstoðar. Verkefnastjóri skráði niður nótur og tók myndir af vinnunni með börnunum. Mikill auður var í myndum frá kennurum sem höfðu einnig verið duglegir að taka myndir í vettvangsferðunum.

Grunnskólabörnin fengu að heimsækja leikskóla og vinna að sameiginlegum verkefnum með leikskólabörnum á leikskólalóð. Reynt var, eins og kostur var á, að koma því þannig fyrir að skólabörnin fengju að heimsækja sinn gamla leikskóla og leikskólakennara sem þau höfðu verið hjá, til að styrkja bönd og samfellu í náminu. Farið var í fjöruferðir og í Ræktunarstöð Reykjavíkur í Svartaskógi. Börnunum var skipt í tvo hópa í þessar ferðir, voru u.þ.b. 45 börn saman í hverri ferð. Þá var lagt uppúr að hóparnir blönduðust vel og í hverri för væru börn úr báðum leikskólunum og Fossvogsskóla ásamt því starfsfólki sem tók þátt í samstarfinu. Starfsfólk kynnti ávallt fyrir börnunum hvert þau væru að fara áður en lagt var af stað í útinámið.



Hringurinn

Allt í kringum okkur byggist á formum. Börnin byrjuðu yfirleitt á því að safnast saman í hring á útisvæði áður en vinna hófst. Að standa í hring eykur samkennd. Hringur er trúarlegt tákni, táknar ævarandi ást, óendanleika, augnablikið, hann er rúnaður og mjúkur. Í hringnum var sungið og rætt um að bera virðingu fyrir umhverfinu; jörðinni sem við búum á. Mikið var unnið með hringformið í skapandi þætti útinámsins. Hringlaga mandölur* urðu til í útiskólanum. Dúfur hnitugu í hringi. Byggt var úr hringlaga skífum og kubbum. Á leikvöllunum voru bún til stór hreiður og á leikvellina voru ferjaðir stórir hringlaga trjádrumbar. Þessi náttúruefniður nýtist áfram sem opinn efniviður fyrir hvern þann leik sem hugmyndaflug barnanna nær yfir. Í skólanámskrá Furuskógar segir: „Útinám og sköpun er nýtt sem tæki til að örva læsi og efla stærðfræðilega hugsun.“ Í útilistaverkum reyndi á stærðfræðilega hugsun, þegar nemendur deildu jafnt ýmsum náttúruefniði, með vissu millibili. Efniviðurinn þurfti að spanna hringinn.



*Mandala: Hringur

Útinám í fjöru.

Að skipuleggja fjöruferð er undir sjávarföllum komið, þess vegna var erfiðara að finna tíma, utan þriðjudagsmorgna, sem allir gátu komist með í ferðina. Þannig bættust tveir

fimmtudagar í september og október inn í samstarfsverkefnið. Í rútuferðunum, til og frá Gróttu, var sungið um hafið, fugla, steina og blauta sokka. Söngurinn gaf samkennd.



Útiskóli gerir nemendum kleift að nota öll skynfæri og öðlast persónulega og hlutbunda reynslu (Jordet, 2003). Það er margt að skoða og sjá, heyra, lykta af, snerta og jafnvel smakka á í fjörunni. Fjaran er eins og annar heimur. Að sitja og borða nesti í fjörunni er upplifun útaf fyrir sig. Í sameiningu var búinn til spirall eða nokkurs konar völunderhús úr þangi og þara sem hægt var að hlaupa eftir. Einnig var skrifað í sandinn, hlutir greindir, flokkaðir og búin til form, tölustafir og bókstafir úr skeljum og steinum. Sem manneskur höfum við áhrif á staði og staðir hafa áhrif á okkur. Þegar leiknum var lokið tók aldan til sinna ráða og flæddi yfir verk barnanna. Sjávarföllin og lífið í fjörunni vakti upp margar spurningar. Nemendur söfnuðu hlutum úr fjörunni. Efniviðurinn var nýttur í vinnu með börnunum og rætt það sem fyrir auga hafði borið þegar í hús var komið.

Útilist á leikskólalóð.

Heimsókn grunnskólabarna á gamla leikskólann sinn var feld inn í samstarfið. Unnið var á leikskólalóðinni, en skroppið inn til að borða nesti. Reist voru vegleg hreiður með hverjum hóp á öllum leikskólalóðunum. Frístundaráðgjafi Kringlumýrar-Neðstalands leiðbeindi við hreiðurgerðina ásamt aðstoðarmanni. Hann miðlaði þekkingu sinni til barna og fullorðinna. Börnin spreyttu sig á því að berja niður tréstauro með sleggju og vefa trjágreinum utan um staurana. Einnig voru búnar til mandölur á skólalóðinni.



Verkin snérust um samveru, samvinnu, góð samskipti, sköpun og fagurfræðilega tjáningu. Unnið var að hringforminu og gerðar tilraunir með hveiti, sand, skeljar, ull, litrík laufblöð, spýtur, reyniber og hvað það helst sem fannst á leikskólalóðinni. Útiskóli snýst um að virkja námssvið í samþættri kennslu. Börn fá tækifæri til að nota hugmyndaflugið og forvitnina. Þau geta tjáð sig óhindrað og upplifað gleði í félagslegum samskiptum. (Jordet)

Kubbar úr náttúruviði. - Að færa það sem er úti (náttúruna) inn í hús.

Í desember fengu börnin kubba sem notaðir voru sem innspýting í inni vinnu barnanna í svartasta skammdeginu. Þessi opni efniviður var til þess fallinn að hreyfa við rýmisgreind, talnæsi og hugmyndaflugi í frjálsum leik barnanna. Verkefnastjóri fékk handverksmenn á Handverkstæðinu Ásgarði til að útbúa þessa kubba úr birki og kassa utan um, sem hvert hús fékk afhent rétt fyrir jólafrí.



Fjarsjóðsleit.

Í skammdeginu í janúar og febrúar var farið í fjarsjóðsleit. Börnin áttu í bréfaskriftum og skildu eftir fjarsjóð og skilaboð í bók sem falin var miðsvæðis í Dalnum. Þennan stað heimsóttu allir hópar einu sinni til tvisvar í upphafi vorannarinnar. Börnin leituðu

uppi fjársjóðinn eftir korti eða öðrum leiðbeiningum. Þau lásu í umhverfið, myndir og orð, en létu myrkur og stundum veðurham ekki á sig fá. Þau deildu reynslunni í sameiginlega bók, gáfu og uppgötvuðu fjársjóði.



„Krummi er líka að leita að fjársjóði“

Vettvangsferð í skógrækt.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur rekur Ræktunarstöð Reykjavíkurborgar í Svartaskógi, í Fossvogsdal. Verkefnastjóri hafði samband við ræktunarstjóra stöðvarinnar. Ræktunarstjórinn samþykkti að taka á móti hundrað manna hóp Fossvogsbrúar, sem fékk að koma og njóta þess sem skógræktin hefur uppá að bjóða. Farið var tvo morgna í skógræktina, fimmtíu manns í senn. Í fyrirrúmi var haft að skapa upplifun og næði. Fenginn var áhugamaður um dúfnarækt, sem kom í Svartaskóg, til að fræða börn og fullorðna um bréfdúfur. Börnin fengu að halda á dúfum eða að klappa þeim. Síðan var dúfunum sleppt og fylgst með þeim hnita í hringi yfir svæðinu, þar til þær fundu áttir og stefndu heim. Þá var farið í stöðvavinnu á skógræktarsvæðinu. Áhersla var á lýðræði og frelsi. Börnunum var gefið rými og tími til að vera í hvetjandi námsumhverfi. Reynt var að halda í einfaldleikann og hafa verkefni ekki of stýrð. Starfsstöðvarnar höfðu hver sína áherslu. Boðið var uppá verkefni fyrir:

- rökhugsun
- líkamlega hreyfingu
- skapandi vinnu

- næði og notalegheit



Mynd fyrir ofan: Mokað inni

Mynd fyrir neðan: Byggt og mælt

Mynd fyrir ofan: Listaverk úr fuglafóðri

Mynd fyrir neðan: Að halda á dúfu

Garðyrkjufræðingur sagði frá fræi sem varð að stóru grenitré. Hægt var að skoða sig um á svæðinu, hlaupa eftir hlýju og ilmandi gróðurhúsi, klifra í trjám, byggja úr blómapottum, fræðast um fugla, vinna listaverk úr fuglafóðri eða hlýja sér við eld. Starfsaðferðir útiskólans gefa nemendum tækifæri til að virkja líkamann og nýta öll skilningarvit, þannig að þeir öðlist beina reynslu í raunverulegum verkefnum. (Jordet, 2003). Ingvar Sigurgeirsson kveður á í bók sinni Litróf kennsluháttanna að nemendur fái allt of sjaldan raunveruleg verkefni til að glíma við í skólastarfi (Ingvar Sigurgeirsson, 1999).



Lokaverkefni: Lífsins tré

Lokaverkefni Fossvogsbrúar vorið 2016 var nefnt Lífsins tré. Smíðakennari Fossvogsskóla setti saman trjágreinir á trjástofn. Nemendur og starfsmenn komu saman í Fossvogsskóla og hengdu upp sín „laufblöð“ á tréð. Á laufblöðunum voru myndir úr þróunarsamstarfinu; myndir af nemendum í útinámi vetrarins. Nemendur höfðu myndað stafi með sprekum, könglum, laufblöðum eða öðrum náttúruþefnið. Bókstafirnir mynduðu yfirskriftina: Fossvogsbrú. Bókstöfunum var raðað í kringum tréð. „Lífsins tré“ teygði út laufumskreyttar greinar. Lifandi lærdómssamfélag kom saman í þessu eina tré. Í laufunum voru upplifanir og reynsla barnanna. Tréð endurspegladi samvinnu um útinám og læsi í Fossvogi.



Framvinda. Listi yfir stærri sameiginleg verkefni Fossvogsbrúar veturinn 2015-2016:

21.ágúst 2015, Starfsmenn sem koma að verkefninu borða saman og fara í vettvangsferð í Gróttu á Seltjarnarnesi. Hópurinn hristur saman. Verkefnastjóri stýrir námskeiði í fjöru og fræðasetri Gróttu og gefur hugmyndir að verkefnum. Gróttuviti heimsóttur.

24.september 2015, Útinám í fjöru. Helmingur barna (45 börn og 10 starfsmenn) fara í fjöruferð í Gróttu.

8.október 2015, Útinám í fjöru. Seinni hópur barna (43 börn og 10 starfsmenn) fara í fjöruferð í Gróttu.

Skólabörn heimsækja gamla leikskólann sinn:

20.okt. 2015. Útinám: Hreiðurgerð og útilistaverk; heimsókn sautján skólabarna úr 1.bekk á Furuskóg við Efstaland.

3.nóvember 2015. Útinám: Hreiðurgerð og útilistaverk; heimsókn átján skólabarna úr fyrsta bekk á Kvistaborg.

10.nóvember 2015. Útinám: Hreiðurgerð og útilistaverk; heimsókn sextán skólabarna úr fyrsta bekk á Furuskóg við Áland.

18. desember 2015. Kubbakassar frá Ásgarði afhentir. - Að færa það sem er úti (náttúruna) inn í hús.

Janúar og febrúar 2016. Fjarsjóðsleit í Fossvogsdal. Börnin skilja eftir fjarsjóð sem þau höfðu búið til og skrifa kveðju í sameiginlega bók.

8. mars 2016 Vettvangsferð í skógrækt. Ræktunarstöð Reykjavíkur, Fossvogsbletti 1, 108 Reykjavík heimsótt. Starfsmenn og 46 börn.

15. mars 2016 Vettvangsferð í skógrækt. Ræktunarstöð Reykjavíkur, Fossvogsbletti 1, 108 Reykjavík heimsótt. Starfsmenn og 48 börn.

15.mars 2016. Námskeið fyrir kennara: Íslenskir fuglar – útinám og listir.

5.apríl 2016. Unnið að lokaverkefni „Lífsins tré“ í Fossvogsskóla. Fyrri hópur.

12.apríl 2016. Unnið að lokaverkefni „Lífsins tré“ í Fossvogsskóla. Seinni hópur.

21.apríl 2016. Sýning á lokaverkefninu „Lífsins tré“ í Víkingsheimilinu Víkinni.

27.maí 2016. Sýning á lokaverkefninu „Lífsins tré“ á Stóra leikskóladeginum, Ráðhúsi.

3. Samantekt - niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra

Að mati stjórnenda var þróunarverkefnið góð tilbreyting inn í starfið. Að mati þeirra er þróunarstarf mikilvægt fyrir skólasamfélagið, það brýtur upp hina hefðbundnu vinnu og getur komið með ferskan andblæ inn í skólastarfið.

Ef miðað er við könnun á meðal starfsfólks hafa markmið sem sett voru í upphafi vinnunnar náðst að stórum hluta. Bilið var brúað milli leikskóla og grunnskóla. Aukið samstarf náðist milli skólastofnananna, góð tenging myndaðist milli starfsstöðvanna og hægt var að skiptast á skoðunum og hugmyndum. Gengið var útfrá þverfaglegri samvinnu. Leitast var við að nýta krafta og þekkingu sem fyrirfannst á hverjum stað. Það gerði útivinnuna áhugaverðari og ríkari að fá frístundaráðgjafa um útinám frá Kringlumýri-Neðstalandi inn í starfið. Einnig gerði smíðakennari Fossvogsskóla vinnu barnanna skemmtilegri m.þ.a. koma lokaverkefninu í þrívítt form.

Vikuleg samvinna milli húsa festist í sessi, þegar þróunarverkefnið var bundið inn í stundatöflur starfsstöðvanna. Að mati stjórnenda tókst það ágætlega og sú þekking og reynsla um skólasamstarf sem safnast hefur með verkefninu getur skilað sér áfram í ný verkefni sem stofnanirnar vinna saman að og jafnvel nýst öðrum sem eiga í samstarfi. Vert er að byggja á þeirri samvinnu sem komin er og halda áfram að brúa bilið milli leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs enn betur. Eins og framkvæmdastjóri Víkingsheimilisins sagði þegar lokaverk Fossvogsbrúar var sett upp

í Víkingsheimilinu. Hann átti þá við börnin og uppeldisstofnanirnar: „Það þarf að tengja saman líf þeirra. Þeim þykir vænt um þessa staði og fólkið sem þar er.”

4. *Mat á verkefninu*

Formlegt mat var gert á þróunarverkefninu m.þ.a. leggja könnun (survey monkey) fyrir starfsmenn sem tóku þátt í samstarfinu. Ekki var hægt að rekja svörin til þátttakenda. Einnig var gerð samskonar formleg könnun meðal foreldra barnanna sem tóku þátt í verkefninu. Almenn ánægja var hjá börnum og foreldrum ásamt þátttakendum verkefnisins. Ekki voru tekin sérstök viðtöl við börnin. Niðurstöður mats á verkefninu sem hér eru settar fram byggja á þessum könnunum og óformlegum skráningum verkefnastjóra á samtölum við starfsmenn. Einnig voru ljósmyndir, hljóðupptökur og vettvangsnótur verkefnisstjóra hafðar til hliðsjónar við mat á útináminu og þessari samvinnu milli stofnanna.

Á þessari vefslóð er hægt að sjá niðurstöður úr könnun sem beint var að foreldrum: <https://www.surveymonkey.com/results/SM-BY2DFHQM/>

En hér má sjá vefslóð með niðurstöðum könnunar sem starfsmenn tóku þátt í: <https://www.surveymonkey.com/results/SM-GWPKGGWM/>

Þetta höfðu kennarar og starfsfólk um verkefnið að segja í könnuninni þar sem nafnleyndar var gætt:

“Skemmtilegt verkefni sem byggist á góðri stjórnun verkefnastjóra. Skemmtilegast að geta haldið áfram”
8/16/2016 10:39 AM [View respondent's answers](#)

“Fjarlægðin á milli skóla gerir svona samstarf erfitt, sérstaklega þar sem ekki er gert ráð fyrir auknum kostnaði við starfsmannahald. Það er ekki endalaust hægt að vinna frábært starf án þess að peningur fylgi.”
6/23/2016 10:16 AM [View respondent's answers](#)

“Frábært samstarf við leikskólana og samfélagið, halda þessu áfram. kannski ekki alltaf fuglar en mætti vera náttúra, samfélagið og umhverfið.”
6/8/2016 11:16 AM [View respondent's answers](#)

“Ánægð og fannst besta skilunin vera að starfsfólkið kynntist og samvinna var mjög góð, verkefni barnanna voru líka að mörgu leiti mjög góð og skemmtilegar hugmyndir frá Berglindi verkefnastjóra.”
6/1/2016 10:43 AM [View respondent's answers](#)

“Það var gama að fá kubbana. Börnin hafa notað kubbana mjög mikið. Kubbarnir eru þroskaleikföng sem gefa möguleika á að nám eigi sér stað, tengt stærðfræði og rúmfræði svo eitthvað sé nefnt.”
5/31/2016 10:31 PM [View respondent's answers](#)

Upplifun barnanna var almennt góð. Í óformlegum samtölum við kennara, um vettvangsferð í Ræktunarstöðina í Svartaskógi, kom fram hvað hafði staðið uppúr hjá börnunum eftir ferðina. Svörin voru mjög einstaklingsbundin. Kennari spurði: „Hvað



var skemmtilegast”? Hér eru fimm mismunandi svör frá fimm börnum: „Að halda á dúfu.” „Að moka steina inni.” „Að byggja hús.” „Að borða nesti við eldinn.” „Að hoppa í pollum.”



Það var jákvætt að sjá að mismunandi verkefni heilluðu einstaklingana. Og náttúran spilaði með. Sumir upplifðu hápunkt ferðarinnar á heimleiðinni, þegar dauð mús varð á vegi barnanna. Þá vöknudu spurningar um örlög mýslu og hugmyndaflugið fór af stað: „Kannski kom örn og hún var svo hrædd, bara fékk hjartaáfall.“ Mælti eitt barnið. Hjá öðrum var hápunkturinn að hoppa í pollum á leiðinni heim. Í útinámi nota nemendur öll skynfæri og öðlast hlutbundna og persónulega reynslu (Jordet, 1998). Ef útinám er vel skipulagt er það vettvangur til að „uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika“ líkt og aðalnámskrá grunnskóla og leikskóla kallar eftir í kaflanum um sköpun (Aðalnámskrá Grunnskóla, Leikskóla, 2011). Í þessari vettvangsferð virtust tímasetningar vera góðar. Dagskráin virtist vera passlega löng og ekki of skipulögð, þannig að einstaklingar höfðu frelsi og náðu að njóta. Það ætti að minna streitu hjá börnum og kennurum. Inga Lovísa Andreassen og Auður Pálsdóttir segja, í bókinni „Útikennsla og útinám í grunnskólum,“ að útinám sé mjög gefandi bæði fyrir kennara og nemendur. John Dewey var á þeirri skoðun að kennari ætti ekki að stjórna og ráða öllu í námi barna. Í útinámi er það náttúran sem stjórnar og ræður hvað verður á vegi barna.

5. Greinargerð um notkun styrkjár

Leikskólinn fékk úthlutað 1milljón króna til þróunarverkefnisins og var styrkurinn nýttur í laun verkefnisstjóra, fræðslu fyrir starfsfólk, leigu á Fræðasetrinu Gróttu, leikföng frá handverkstæðinu Ásgarði og rútukostnað vegna vettvangsferða.

6. Kynning

Lífsins tré – samstarfsverkefni Fossvogsskóla, Kvistaborgar og Furuskógar og Neðstalands var sýnt í Víkingsheimilinu, Víkinni á sumardaginn fyrsta, þann 21.apríl 2016.

Lífsins tré var kynnt á sýningu í Ráðhúsinu í Reykjavík á Stóra leikskóladaginn, þann 27.maí 2016.

Skýrsla Fossvogsbrúar Lífsins tré – útinám og læsi var kynnt á fundi, samstarfsaðila þróunarverkefnisins, sem haldinn var á Kvistaborg, fimmtudaginn 18.ágúst 2016.

Skýrslan verður gerð aðgengileg á heimasíðum menntastofnananna sem stóðu að verkefninu.

Heimildir

Aðalnámskrá grunnskóla 2011: Almennur hluti /2011.

Aðalnámskrá leikskóla 2011: Almennur hluti /2011.

Baldur Sigurðsson. (2016). Lesvefurinn: Um læsi og lestrarerfiðleika. Sótt 12.ágúst 2016 af <http://lesvefurinn.hi.is/node/132>

Dewey, J. (1938/2000). *Reynsla og menntun*. (Gunnar Ragnarsson þýddi). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Gerður G. Óskarsdóttir. (2003). *Skólastarf á nýrri öld*. Reykjavík: Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Inga Lovísa Andreassen og Auður Pálsdóttir. (2014). *Útikennsla og útinám í grunnskólum*. Reykjavík: Mál og menning.

Ingvar Sigurgeirsson. (2008). *Litróf kennsluaðferðanna: Handbók fyrir kennara og kennaraefni*. Reykjavík: Æskan.

Jordet, A. N. (1998). *Nærmiljøet som klasserom: uteskole i teori og praksis*. Oslo: Cappelen Akademisk Forlag.

Skólanámsskrá Furuskógar

Skólanámsskrá Kvistaborgar

Starfsáætlun Fossvogsskóla 2015-2016

Fylgiskjöl